



KJÖLFESTA

Fréttabréf stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu

Kjölur Stéttarfélag • Ráðhústorgi 3 • 602 Akureyri • Sími 461 1599 • <http://kjolur.bsrb.is> • Júlí 2004 • 1. tölublað • 1. árgangur



Fundarmenn klappa fyrir sameiningunni.

Sameiningarfundur í Munaðarnesi 15. maí 2004

KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu varð til við samruna Félags opinberra starfsmanna á Húnavatnssýslum, Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, Starfsmannafélags Borgarbyggðar, Starfsmannafélags Dalvíkurbyggðar og Starfsmannafélags Siglufjarðarkaupstaðar á fundi í Munaðarnesi 15. maí 2004. KJÖLUR er aðildarfélag BSRB. Tilgangur félagsins er að vera í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og vinna að öðrum hagsmunamálum, vernda réttindi félaganna og beita sér hvers kyns misrétti í launagreiðslum og starfskjörum. Á fundinum var starfsstjórn skipuð til eins árs og skipað í nefndir.

Hátíðardagskrá var haldin að fundi lokn-

um. Eftir ávarp formanns KJALAR, Ornu Jakobínu Björnsdóttur, var heimasíða KJALAR opnuð með viðhöfn, en það gerði Halldóra Jónasdóttir félagsmaður í Kili. Vefur samskiptalausnir kynntu eiginleika síðunnar og möguleika hennar. Ungir tónlistarmenn úr Borgarfirði skemmtu með söng og píanóundirleik. Ávarp og kveðju frá BSRB flutti Sjöfn Ingólfsdóttir varaformaður BSRB og Gísli Einarsson ritstjóri var með „uppistand“. Um kvöldið var síðan kvöldverður og dagskrá. Fráfarandi stjórnarmönnum voru færðar bækur „Þjóðsögur af Þjóðveginum“ sem þakklætisvott fyrir störf sín.

Góður rómur var gerður að dagskánni og mikil ánægja ríkti með fólki.

Efnisyfirlit:

- Árnaðaróskir frá BSRB
- Ávarp formanns KJALAR við hátíðardagskrá 15. maí 2004
- Söguágrip félaganna sem sameinuðust í KILI
- Viðtal við Önnu Ólafsdóttur og Jens Andrésson

Afsláttarkort - félagsskírteini

Afsláttarkort - félagsskírteini fylgir hér með og eru félagar hvattir til að kynna sér afsláttarkjör sem eru í boði með framvísun þessa korts. Jafnframt er þetta félagsskírteini. Fyllið út nafn og kennitölu og við framvísun kortsins þarf einnig að hafa persónuskilríki sem staðfestir það sem í félagsskírteininu stendur. Kortið þarf að sýna við kaup á þjónustu og vörum sem afsláttur er veittur af.



Skrifstofa KJALAR

er að Ráðhústorgi 3, Akureyri og er hún opin frá 12:00 til 16:00 alla virka daga. Símatími er frá 09:00 til 16:00 en er breytilegur vegna funda og annarra erindagerða formanns utan skrifstofu. Símanúmer verður tengt símstöð BSRB og er af því hagræðing þar sem mikil samskipti er á milli skrifstofu KJALAR og BSRB og stéttarfélaganna í BSRB húsinu. Frá 19. júlí verður símanúmerið 525 8383.

Tveir starfsmenn eru á skrifstofunni. *Arna Jakobína Björnsdóttir* í 100% starfi bæði sem formaður og við almenn skrifstofustörf og þá aðallega við að veita upplýsingar til félagsmanna og þau störf sem stjórn ákveður. *Margrét Árnadóttir* er í 70% starfi og auk þess að gefa almennar upplýsingar annast hún umsýslu sjóða félagsins og bókhald.

Árnaðaróskir frá BSRB



Ögmundur Jónasson.

Það er ekki alltaf auðvelt að breyta til, hafa sig upp úr hefðbundnum og gamlakunnum hjólförum og halda inn á nýja vegi. Það krefst áráðis og dugnaðar. Nokkur stéttarfélag innan BSRB hafa nú sameinast í félagi sem ber heitið Kjölur. Það fer vel á því að mætast á Kili sem er forn samgönguleið. Við smíði skips er kjölurinn það sem allt annað hvílir á svo notuð sé önnur samliking. Kjölfesta, hið nýja blað félagsins hefur einnig táknrænt yfirbragð. Heitið ber vott festu og öryggi.

Innan BSRB höfum við lagt áherslu á að byggja á nýsköpun, sem í senn hefur að leiðarljósi virðingu fyrir sögulegri arfleifð okkar og framfarasinnaða framtíðarsýn. Á þessum grunni er hið nýja félag stofnað og vil ég óska því allra heilla í starfi um ókomna tíð.

Markmiðið í starfi verklyðshreyfingarinnar er ekki - og má aldrei verða - að halda til á lygnum sjó. Verkalýðssamtökin eru baráttusamtök og eiga að skipuleggja sig sem slík.

Það er mikilvægt að aðildarfélag BSRB séu hvert um sig öflug og kröftug. Þannig verður til kjölfesta í heildarsamtökunum og þannig tekst okkur í sameiningu að standast öll veður og ólugsjó.

Ögmundur Jónasson



**Leggjum kjöl
að öfluggu stéttarfélagi!**

Við hvetjum félagsmenn til að
gefa kost á sér í trúnaðarmannastörf



Fréttablaðið Kjölfesta

Fréttablaðið KJÖLFESTA kemur nú út í fyrsta sinn en það leysir af hólm STAK - punkta. Áætlað er að blaðið komi út þrisvar til fjórum sinnum á ári allt eftir efni og getu hverju sinni.

Þetta fyrsta blað er kynning á sameiningu félaganna undir merki KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Í framtíðinni verður blaðið mál-gagn félagsins og er öllum félagsmönnum boðið að skrifa um sín hugðarefni í blaðið sem verður vonandi vettvangur skoðana-skipta. Jafnframt er tilgangur blaðsins að fræða félagsmenn um starfsemi félagsins og málefni sem snerta hagsmunum þeirra.



Fræðslusjóður KJALAR

(starfsmenntasjóður) tekur til starfa 1. september og verður umsóknar-eyðublað á heimasíðu KJALAR.



Orlofssjóður KJALAR

tekur til starfa 1. október og mun stjórn skipa orlofsnefnd sem mótar stefnu sjóðsins fyrir árið 2005.

Ávarp Örnú Jakobínu Björnsdóttur

formanns KJALAR við setningu hátíðardagskrár við sameiningu stéttarféлага 15. maí 2004 í Munaðarnesi

Góðir félagar og gestir.

Fyrir hönd stjórnar KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu vil ég bjóða ykkur velkomin til að samfagna því að í dag sameinuðust fimm félög undir merki KJALAR.

Þau eru Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum sem var stofnað 1990, Starfsmannafélag Akureyrarbæjar stofnað 1941, Starfsmannafélag Borgarbyggðar stofnað 1985, Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar stofnað 1987 og Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar stofnað 1940.

Tvö félaganna gerðust aðilar að BSRB við stofnun þess árið 1942 en hin strax frá stofnun þeirra. BSRB er öflugur bakhjarl þar sem aðildarfélög þess vinna vel saman að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna sinna. Kjölur mun verða fimmta stærsta félagið innan BSRB.

Megin tilgangur félaganna hefur verið að efla samvinnu með starfsmönnum ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra, vinna að bættum launa- og ráðningarkjörum og öðrum þeim málum er orðið gætu til heilla og hagsbóta fyrir félagsmenn.

Tilgangur KJALAR er sá sami.

Menning og tilvist félaganna hefur verið mjög svipuð. Öll eru þau í grunninn félög bæjarstarfsmanna. Breyting varð á uppbyggingu félaganna um áramótin 1989 og 1990 þegar hluti félagsmanna fluttist yfir til ríkisins í kjölfar laga um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og tókst að semja um að félögin fengju samningsrétt við ríkið fyrir félagsmenn sína.

Saga félaganna er hluti af sögu þeirra



Hátíðargestir 15. maí 2004.

landshluta sem þau hafa starfað í sem og sögu íslenskrar verkalyðshreyfingar, sögu hreyfingar sem mótað hefur samtímann og um leið framtíðina. Við sem nú erum félagar í Kili stöndum í þakkarskuld við þá menn og konur sem með framsýni hafa lagt grundvöll að félaginu, staðið í forsvari og markað þá slóð sem við göngum í dag.

Samvinnu félaganna má rekja aftur til ársins 1987 þegar 21 bæjarstarfsmannafélag mynduðu samningabandalagið Samflot gagnvart Launanefnd sveitarfélaga (LN) og síðar ríkinu. Frá árinu 2001 hafa KJALAR-félögin unnið saman ásamt 8 öðrum félögum í samstarfinu Kjarni stéttarfélag.

Á skipulagsfundi Kjarna í október 2001 á Ísafirði fór fyrst fram umræða um veikleika og styrkleika félaganna og hugmynd um sameiningu félaganna kom til umræðu og fékk strax hljómgrunn.



Ásta Kristín Guðmundsdóttir, söngkona.

Miðað við það mikla samstarf sem félögin innan Kjarna hafa átt á liðnum árum þótti sameining rökrétt framhald þess starfs og var niðurstaðan sú að tíu félög ákváðu að vinna henni brautargengi. Jafnframt sem fram fór umræða innan BSRB undir vinnuheitinu samstaða - samvinna sem styrkti okkur í þeirri trú að við værum á réttri leið.

Kröfur félagsmanna og samfélagsins til stéttarféлага hafa verið að taka miklum breytingum eins og til annarrar þjónustu í samfélaginu. Við þessu vildum við bregðast. Því stærrí sem félög eru því meiri möguleika hafa þau til að veita félagsmönnum góða þjónustu. Störf trúnaðarmanna og efling trúnaðarmannafræðslu og þjálfun, starfsmenntun, upplýsingastreymi um launa- og réttindamál, góð yfirsýn yfir þróun kjaramála, öflug heimasíða með samskipta- og upplýsinganeti félagsmanna, útgáfa kjarasamninga og fréttablaða, rekstur orlofsbústaða og margvísleg önnur þjónusta við félagsmenn voru atriði sem við lögðum áherslu á að sameinað stéttarfélag stæði fyrir.

Allir aðilar lögðu sig fram um að vinna vel og vanda allan undirbúning að sameiningu félaganna. Skoðanakönnun sem gerð



Starfstjórn var skipuð til eins árs. f.v. Anna Ólafsdóttir varaformaður, Borgarnesi, Guðbjörg Antonsdóttir, ritari, Dalvík, Bára Garðarsdóttir, meðstjórnandi, Hvammstanga, Hörður Hjálmarsson, gjaldkeri, Siglufirði, Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður, Akureyri, Guðmundur Þór Brynjúlfsson, varamaður Borgarnesi, á myndina vantar Jón Hansen, varamann, Akureyri.



Jónína E. Arnardóttir tónlistarkennarinn frá Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Dagbjört Birgisdóttir spilar á píanó.



Gísli Einarsson.



Heimir Klemenzson leikur á píanó.



Borðhald 15. maí 2004. Fremst hægra megin á myndinni er Steinunn Pálsdóttir, harmonikkuleikari kvöldsins.

var meðal félagsmanna sýndi mikinn stuðning við sameiningu félaganna. Á sameiningarferlinu hafa komið upp ýmis atvik sem erfitt var að sjá fyrir og að lokum var niðurstaðan sú að við erum fimm stéttarfélögin sem sameinumst nú í dag. Það eru auðvitað vonbrigði að ekki eru allir með sem lögðu af stað og unnu að sameiningunni en þeirri staðreynd tókum við.

Við erum þess fullviss að:

Sameining tryggir mun öflugra félagsstarf, markvissari kjarabaráttu, sjóðir verða stærri og öflugri, markvisri trúnaðarmannafræðslu, samræmda upplýsingagjöf, nýting orlofshúsa verður meiri og hægt að bjóða félagsmönnum fleiri möguleika.

Sameining er:

svar við kröfum samfélagsins,
svar við aðför að stéttarfélögum
svar við veikri ímynd stéttarfélaga
svar við að gera starfssemi stéttarfélaga sterkari

Við höfum nú aflað okkur þekkingar og reynslu á sameiningu og erum reiðubúin til að hefja viðræður til frekari sameingar við systurfélög okkar sem standa okkur næst strax á morgun.

Svo sterka framtíðarsýn höfum við á sameiningu að við teljum að þessi sameining sem við fögnum nú sé aðeins byrjunin og að KJÖLUR eigi eftir að taka breytingum á næstu árum.

Það að starfa fyrir stéttarfélög er mikið trúnaðarstarf og mikilvægt að vinna af heilindum fyrir félagsmenn og í samskiptum við aðra svo sem viðsejendur í kjarasamningagerð. Starf okkar sem veljumst til ábyrgðarstarfa fyrir félagið þarf að byggja á trausti og góðri samvinnu. Allt krefst þetta félagsfærni einstaklingsins þar sem hann þarf að geta metið meiri hagsmuni fyrir minni. Hér verða engin nöfn nefnd en ég flyt öllum forystumönnum félaganna fyrr og nú bestu þakkið fyrir störf í þágu þeirra. Ekki síst allra trúnaðarmanna og þeirra sem lagt hafa hönd á plóginn í sameiningunni þó að í dag séu þeir því miður ekki allir meðal okkar. Trúnaðarmenn eru hornsteinar félagsins og færi ég þeim bestu þakkið fyrir störf sín og einnig flyt ég mökum þeirra, vinnuveitendum og samstarfsfólki þakkið fyrir að sýna þeim skilning þegar þeir þurfa að rækja skyldur sínar. Því án þeirra vinnu væri engin sameining.

Það er ósk mín að það megi vera góður kostur að velja aðild að stéttarfélaginu og að okkur takist að styrkja og efla KJÖL um ókomin ár í baráttu fyrir batnandi kjörum, jöfnun lífskjara og betra þjóðfélagi.

Að lokum eru færðar hér þakkið til allra sem staðið hafa að undirbúningi þessarar samkomu.

Góðir gestir - verið velkomin - njótið veitinganna - ég vona að við getum átt hér saman notalega stund.

Söguágrip Félags opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum

Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, skammstafað F.O.S. Hún., var stofnað á Blönduósi þann 30. september 1990. Stofnfundinn sátu 21. Á fundinum var kosin fyrsta stjórn félagsins. Í henni sátu Gestur Þórarinnsson formaður, Blönduósi, Anna Guðmannsdóttir, Blönduósi, Þórunn Bernósdóttir, Skagaströnd, Sigríður Karlsdóttir, Hvammstanga og Kristín Sigfúsdóttir, Hvammstanga. Endurskoðendur voru kosnir Dagný Sigmarsdóttir og Jórunn Sigurðardóttir, til vara Charlotta Evensen.

Stuttu eftir stofnfundinn fór kjörin stjórn til Reykjavíkur á skrifstofu BSRB og kynnti sér störf bandalagsins. Þar sem .etta var nýtt starfsmannafélag innan BSRB var stjórnin boðin innilega velkomin til starfa. Fundinn sátu þessir: Ögmundur Jónasson formaður, Svanhildur Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Sjöfn Ingólfssdóttir varaformaður og Gestur Jónsson lögfræðingur.

Í 1. tölublaði fréttabréfs F.O.S. Hún segir um heimsóknina: „Við hittum einnig að máli Rannveigu sem sér um spjaldskrána og Guðbjörgu gjaldkera. Blaðafulltrúi BSRB tók okkur í viðtal og kynnti þetta nýstofnaða félag í næsta tölublaði BSRB-tíðinda. Að lokum var okkur sýnt hús bandalagsins og við kynnt fyrir formönnum þeirra stéttarféлага sem þar voru. Fundum við mikinn stuðning og hvatningu við þetta nýja félag okkar, enda við á síðasta snúning

með að stofna stéttarfélag fyrir lagabreytingu vegna verkaskiptalaga.“ Gestur Þórarinnsson, fyrsti formaður F.O.S. Hún. Stjórnin fékk einnig miklar upplýsingar um uppbyggingu bandalagsins. Var stjórnarmönnum sagt að þeir ættu greiðan aðgang að öllum upplýsingum sem þeir þyrftu hjá bandalaginu og skyldu muna eftir lögfræðisþjónustunni sem það hefði, ef á þyrfti á að halda. Eins og verða vill um hagsmunafélög voru aðalmál F.O.S. Hún. í upphafi kjaramál sem félagið sótti fyrir hönd félagsmanna. Stjórn félagsins fór einnig í heimsókn til starfsmannafélags Sauðárkróksbæjar og fékk þar gagnlegar upplýsingar og mikið af góðum ráðum.

Félagssvæði F.O.S. Hún. Nær yfir Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur. Innan félagssvæðisins eru þrjár þéttbýlisstaðir, það er Hvammstangi, Blönduós og Skagaströnd.

Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum á helminginn í sumarhúsi á móti Starfsmannafélagi Siglufjarðarkaupstaðar í Munaðarnesi. Stjórn F.O.S. Hún. árið 2004 voru Bára Garðarsdóttir formaður, Baldur Valgeirsson gjaldkeri og varaformaður, Lilja G. Ingólfssdóttir ritari, Guðrún Blöndal meðstjórnandi og Kristín Blöndal meðstjórnandi. Félagsmenn voru 73 talsins þann 1. janúar 2004, þar af 15 ríkisstarfsmenn.

Söguágrip Starfsmannafélags Akureyrarbæjar

Starfsmannafélag Akureyrarbæjar var stofnað í bæjarþingssalnum í Samkomuhúsinu að Hafnarstræti 57, þann 2. mars 1941. Stofnfélagar voru tuttugu og tveir starfsmenn bæjarins en á fyrsta félagsfundi bættust fjórtán starfsmenn við. Megin tilgangur félagsins var að efla samvinnu með starfsmönnum Akureyrarbæjar og stofnana hans. Fyrsta stjórn félagsins var skipuð þeim Bjarna Halldórssyni formanni, Jóni Norðfjörð ritara, og Þorsteini Stefánssyni gjaldkera en þeir þrjú höfðu verið helstu hvatamennirnir að stofnun félagsins og staðið í öllum undirbúningi. Meðstjórnendur í fyrstu stjórninni voru Guðmundur Karl

Pétursson og Ólafur Magnússon. Allir þessir menn báru hitann og þungann af starfsemi félagsins fyrstu áratugin.

Bæjarstarfsmenn höfðu búið við launasamþykkt frá árinu 1930 sem að mestu var fallin úr gildi og var samþykkt að berjast fyrir nýrri launasamþykkt milli félagsins og bæjaryfirvalda. Hún gekk í gildi 25. nóvember 1941 og náðust fram góðar kjarabætur. Launaflokkar voru níu og innan hvers voru fimm launaprep sem starfsmaður komst á eftir fimm ára starf. Félagið sótti um innngöngu í hið nýstofnaða BSRB í október árið 1942 og sama ár var Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar stofnaður.

Heimasíða KJALAR

Heimasíða KJALAR var opnuð með viðhöfn á sameiningarhátíðinni 15. maí sl. Nafn Halldóru Jónasdóttur starfsmanns á leikskóla í Borgarbyggð var dregið úr hatti viðstaddra fundarmanna til að opna heimasíðuna.

Slóðin er nú til bráðabirgða <http://kjolur.bsrb.is> en verður síðar www.kjolur.is.

Síðan er vistuð hjá Vef samskiptalausnum og er vinnsluumhverfi allt hið besta. Með haustinu verða opnaðir tveir lokaðir vefir, stjórnarvefur þar sem stjórn hefur sameiginlegt gagnasafn og umræðuvef og trúnaðarmannavefur fyrir trúnaðarmenn og verður hann tilbúinn í október á námskeiði þeirra. Þar er áætlað að hafa ýmis aðstoðargögn fyrir trúnaðarmenn sem mun létta þeim störfina, og þar verður spjallrás.



Halldóra Jónasdóttir opnar heimasíðu KJALAR, <http://kjolur.bsrb.is>

Framan af voru eingöngu starfsmenn Akureyrarbæjar í félaginu en með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um áramótin 1989-1990 varð hluti félagsmanna ríkisstarfsmenn. Í fyrstu var gert ráð fyrir að það fólk færi í Starfsmannafélag ríkisstofnana en félaginu tókst að fá því framgengt að starfsmenn gætu valið um það hvoru félaginu þeir tilheyrðu STAK eða Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Það er ástæða þess að nú hefur STAK tvo viðsemjendur, Launanevnd sveitarfélaga annars vegar og samninganevnd ríkisins hins vegar auk þess er samið við sjálfseignarstofnanir. Árið 2002 varð ein stofnun Akureyrarbæjar þ.e. Norðurorka gerð að hlutafélagi og þar starfar hluti félagsmanna. Í kjölfar þess var notkun á merki STAK breytt frá því að vera STAK- Starfsmannafélag Akureyrarbæjar yfir í STAK-stéttarfélag.

Orlofshús, skemmtiferðir og garðrækt

Eitt af fyrstu málum sem hreyft var við í félaginu var að félagsmenn kæmst yfir land til útivistar þar sem reisa mætti hús til afnota fyrir félagsmenn. Á komandi árum buðust ýmsir kostir en lítið var aðhafst fyrir en árið 1960 að félagið keypti sumarbústað í Grænuhlíð í Öngulsstaðahreppi. Bústaðurinn var lítið notaður og hann var að lokum seldur 1968. Tveimur árum síðar hóf BSRB uppbyggingu í Munaðarnesi og eign-



Pau Heiða Björg, Benidikt Bjarni og Unnur Agnes létu sitt ekki eftir liggja og sópuðu allt utandyra í Munaðarnesi 15. maí 2004.



Trúnaðarmenn STAK á námskeiði í nóvember 2002.

aðist STAK þar bústað árið 1971 sem enn er í eigu félagsins. Annar bústaður bættist við í landi Munaðarness þremur árum síðar. STAK eignaðist bústað í Laxárlundi árið 1979 og snemma á níunda áratugnum keypti félagið bústað að Eiðum. Árið 1989 keypti STAK íbúð í Reykjavík og síðan aðra 1999 og eru þær báðar í Sólheimum í Reykjavík. Árið 1996 reisti STAK hús í Reykjaskógi Biskupstungum með heitum potti og öllum öðrum þægindum. Auk þess hefur félagið verið í samstarfi við Einingu-Íðju með leigu á sumarhúsum á Jótlandi í Danmörku og Spáni. Einnig hefur félagið greitt niður helgarleigu á veturna í orlofshús í Kálfsskinni og leigt íbúð í Súðavík á sumrin og aukafbíúð í Reykjavík fyrir félagsmenn. Því má fullyrða að félagsmönnum bjóðast margir kostir í orlofi, jafnt sumar sem vetur.

Fyrstu áratuginu bauð félagið upp á skemmtiferðir fyrir félagsmenn sína um næsta nágrenni Akureyrar, í leikhús suður yfir heiðar og jafnvel dagsferð til Grænlands. Hin síðari ár hefur dregið mjög úr þessari starfsemi, enda forsendur aðrar þegar flestir eiga bíla og auðvelt að fara á milli staða.

Einn þáttur í starfsemi félagsins telst einstakur fyrir stéttarfélag en það er garðrækt félagsmanna í landi Blómsturvala í Glæsibæjarhreppi. Laust fyrir 1970 fékk félagið landið til afnota hjá bænum. Var þegar ákveðið að efna þarna til garðræktar og gefa félagsmönnum kost á landspildu til að rækta kartöflur og annað grænmeti en árið 1978 hætti þessi starfsemi á vegum félagsins þar sem bærinn tók yfir landið.

Lengst af átti félagið ekki fastan samastað og voru stjórnarfundir haldnir vítt og breytt um bæinn. Árið 1979 tók félagið húsnæði á leigu að Strandgötu 7 og leigði það til ársins 1984. Þá flutti félagið í eigið húsnæði að Ráðhústorgi 3 og hefur þar góða aðstöðu, fundarsal og skrifstofu. Hér breyttist eitthvað þegar ég samþykkti breytingar þínar í skjalinu. Fyrsti starfsmaðurinn sem félagið réði til starfa var

Halldóra Sævarsdóttir og var hún í 50% starfi og var skrifstofan opin þrjá daga í viku til að byrja með. Nú er opnunartíminn frá 12 til 16 alla virka daga. Formaður er í 100 % starfi ásamt því að sinna framkvæmdastörfum félagsins jafnframt er starfsmaður í 70% starfi.

Útgáfa, fræðsla, styrkir

Félagið gefur út myndarlegt fréttabréf fjórum sinnum á ári. Einnig er félagið með heimasíðu þar sem eru nýjustu upplýsingar um félagið, orlofshúsin, kjarasamninga, launatöflur og fréttir af líðandi stundu. Þetta er allt í höndum fimm manna ritnefndar sem sér líka um útgáfu á vinnutímabók og afsláttarskírteinum til félagsmanna. Fræðslusjóður STAK hefur starfað frá árinu 1977. Styrkir hafa verið veittir til dæmis til tölvunámskeiða, fjarnáms við Verkmenntaskólann á Akureyri, enskunáms, löggildingarnáms, hjúkrunarnámskeiða, ráðstefna og sýninga erlendis. Einnig hefur félagið verið í samvinnu við SFR um námskeiðahald.

STAK hefur staðið fyrir trúnaðarmannafræðslu í formi námskeiða eða fyrirlestra jafnt og þétt síðan 1980. Markmiðið er að auka færni og hjálfa trúnaðarmenn til að þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við margvísleg málefni sem á borð þeirra koma.

STAK stendur að rekstri styrktarsjóðs ásamt 30 öðrum stéttarfélögum innan BSRB en hann tók til starfa árið 2002. Meðal verkefna er t.d. styrkir til þjálfunar, forvarna og fyrirbyggjandi aðgerða að veittum ákveðnum skilyrðum. STAK hefur haft yfir að ráða eigin áfallasjóði frá árinu 1995 sem notaður er til að styrkja félagsmenn sem verða fyrir ófyrirséðum erfiðleikum. Einnig er STAK með vísindasjóði annars vegar fyrir tónlistarkennara og hins vegar fyrir háskólamenntaða félagsmenn. Vinnudeilusjóður var stofnaður 1978 en hann er notaður í kjaradeilum og við gerð kjarasamninga.

Söguágrip Starfsmannafélags Siglufjarðarkaupstaðar

Af frumkvæði Bjarna Jóhannssonar, yfir-lögregluþjóns á Siglufirði, var boðað til fundar í bæjarþingsalnum þann 7. janúar 1941. Bjarni setti fundinn og bar upp mál fundarins, en fjalla átti um „...nauðsyn þess að starfsmenn Siglufjarðarbæjar mynduðu með sér félagsskap til þess að vinna að bættum hagsmunum sínum, aukinni kynningu og nánara samstarfi“, eins og segir í fyrstu fundargerð félagsins sem Sigurður Gunnlaugsson skrifstofumaður ritari. Fundarstjóri á þessum fyrsta fundi var Friðrik Hjartar skólastjóri og voru stofn-félagar 23 starfsmenn bæjarins.

Á framhaldsstofnfundi 11. janúar sama ár voru lög félagsins samþykkt og fyrsta stjórn þess kosin. Í fyrstu stjórninni voru, auk Bjarna og Sigurðar, Ragnar Guðjónsson kennari, Páll Jónsson byggingafultrúi og Guðmundur Hafliðason hafnarvörður. Félagsmenn voru alls 21. Sama ár gekk félagið í hið nýstofnaða Bandalag opinberra starfsmanna.

Aðalhlutverk félagsins var að semja um kjör félagsmanna. Fyrsti launasamningurinn var gerður árið 1942 og næsta ár samþykkti félagið og bæjarstjórn Siglufjarðar reglugerð um Eftirlaunasjóð Siglufjarðar. Eftirlaunasjóður var síðar færður inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Fyrr á árum stóð félagið fyrir árshátíðum.

Starfsmannafélag Siglufjarðar lagði upp með þá hugsjón að það væri hagsmunafélag allra fastra starfsmanna bæjarins sem ynni að bættum launa- og ráðningakjörum meðlima sinna auk þessa að efla samhug og



Starfsmenn bæjarskrifstofunnar á Siglufirði.

samstarf bæjarstarfsmannanna á öllum sviðum.

Starfsmannafélag Siglufjarðar, SMS, varð fljótt öflugt og hóf blaðaútgáfu fyrir félagsmenn sína í desember árið 1941. Í fyrsta tölublaðinu var farið yfir þau mál sem komið höfðu til kasta starfsmannafélagsins á fyrstu mánuðunum og á forsiðu var birt fyrsta launatafla hins nýja félags í sex flokkum.

Í efsta launaflokki var bæjargjaldkerinn

með 475 krónur í mánaðarlaun á fyrsta ári en í lægsta launaflokki voru afgreiðslustúlkur í mjólkurbúðum með 150 krónur í mánaðarlaun. Sótarar og sorphirðumenn voru í ákvæðisvinnu en lágmarkslaun sótarara voru 150 krónur á mánuði en ekki minna ein króna og fimmtíu aurar á hvern skorstein!

Þar var sagt frá fyrstu kröfum félagsins og voru þær meðal annars að dýrtíðarupp-bót yrði greidd á laun opinberra starfsmanna og að persónufrádrátturinn til skatts yrði hækkaður. Þessar kröfur voru sendar bæjarstjórn Siglufjarðar, ásamt öðrum kröfum um kaup og kjör.

Félagsmenn í SMS voru 47 talsins með ellilífeyrisþegum. Félagið hefur afnot af orlofshúsi í Munaðarnesi með Húvetningum. Húsið er leigt til félagsmanna og er að vel nýtt.

Friðrik Stefánsson, fyrrverandi formaður SMS, félaginu eftirfarandi vísur:

*Til hamingju félagar SMS,
ykkur til farsældar miði
og félagið sextuga færi ykkur sess
á félags- og menningarsviði.*

*Oft í huga eiga sess
átök þess og saga,
því vil ég heilla SMS
og óska þjartra daga.*



Starfsmenn áhaldahús Siglufjarðar í kaffipásu.

Um Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar

Þann 11. júlí 1985 var félagið stofnað á fundi sem haldinn var í Grunnskóla Dalvíkur. Fyrstu tvö árin hét félagið Starfsmannafélag Dalvíkurbæjar og Dalbæjar (sk. SDD).

Dalbær heimili aldraðra á Dalvík er sjálf-eignastofnun og nokkrir af starfsmönnum heimilisins í hópi stofnfélaga, af þeim sökum þótti rétt að hafa Dalbæjarnafnið með.

Á aðalfundi félagsins 1987 var lögð fram tillaga um breytingu á nafni félagsins og var hún samþykkt. Breyttist nafnið þá í Starfsmannafélag Dalvíkurbæjar (sk. SDD) Aðalhvatin að nafnbreytingunni var sú að Dalbæjarnafnið vakti ítrakaðar spurningar, hvaða bær þetta væri o.s.frv., það má því segja að það hafi þvælst fyrir.

Enn var nafninu breytt við sameiningu sveitarfélaganna Dalvíkurbæjar, Svarfadar-dalshrepps og Árskógshrepps árið 1998 og þá í núverandi nafn Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar (sk. STD). Stofnendur félagsins voru bæjarstarfsmenn og starfsmenn Dalbæjar dvalarheimilis aldraðra á Dalvík sem tóku laun samkvæmt kjarasamningi BSRB.

Fyrsti formaður félagsins var var Einar Emilsson 1985 - 1991, annar formaður var Halldór Guðmundsson apríl 1991 - ágúst 1991, þriðji formaður Ingvar Kristinsson 1991 - 1999, fjórði formaður Einar Emilsson 1999 - 2001 og fimmti formaðurinn Guðbjörg Antonsdóttir 2001 - 2004

Helsti hvatin að stofnun félagsins var sá að 1984 var boðað til verkfalls innan BSRB. Félagsmenn hér á svæðinu fengu þau skilaboð að þeir væru í verkfalli en samdægurs bárust boð um að gleymst hefði að boða til verkfalls fyrir einstaklingsaðila innan BSRB. Í framhaldi þessarar gleymsku kviknaði hugmyndin að stofnun félagsins.

Á þeim tíma var einnig talið að minni eining í heimabyggð með aðild að BSRB væru skilvirkari, með betri yfirsýn á launamál og þarfir félaganna og kæmi betur út en einstaklingsaðild.

Fyrstu verkefni og baráttumál félagsins voru gerð kjarasamninga við Dalvíkurbæ og



Frá kvölddagskrá 15. maí 2004.

Dalbæ og ný launaflokkaröðun.

Á stofnfundinn mættu tuttugu og tveir en stofnfélagar voru alls fjórtíu.

Félagsmenn voru allir með einstaklingsaðild að BSRB áður en félagið var stofnað en félagið hefur verið með aðild að BSRB frá upphafi.

Árið 1986 óskuðu ófaglærðir starfsmenn Dalbæjar - dvalarheimilis aldraðra og Leikskólans Krílakots eftir flutningi frá Einingu í Starfsmannafélag Dalvíkurbæjar. Á stjórnarfundum SDD í september 1986 var samþykkt beiðni um inngöngu þeirra í félagið.

Þau mál sem standa uppúr er litið er yfir sögu félagsins eru kjarasamningsbundin mál,fræðslu- og tómastundamál en haldin hafa verið m.a. kjarna- og tölvunámskeið í gegnum tíðina. Farnar hafa verið nokkrar fjölskylduferðir og nú síðast í haust 2003 er farið var með rútu á Hofsós og Vesturfara-setið skoðað, farið í bátsferð um Skagafjörðinn, síðan áfram með rútu og litið á Blönduvirkjun. Einnig hafa verið farnar leikhúsfærðir og haldnar árshátíðir með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Boðið hefur verið upp á tólstundafræðslu t.d. í formi skreytinganámskeiða og kertagerðar svo eitthvað sé nefnt.

Tvö orlofshús á félagið ásamt Starfsmannafélagi Ólafsfjarðar. Til að byrja með

leigðu félögin eitt hús í Munaðarnesi fyrir félagsmenn sína en síðar festu þau kaup á einu orlofshúsi þar af stærri gerðinni.

Fyrir nokkrum árum var svo bætt um betur og félögin keyptu eitt hús í Úlfsstaðaskógi á Fljótsdalshéraði. Er það hús afskaplega vel búið en þar er m.a. mjög stór lokaður sólpallur og heitur pottur. Einnig er nú heitur pottur væntanlegur, sumarið 2004, við húsið í Munaðarnesi.

Frá upphafi hefur ekki verið opin skrifstofa eða ákveðinn, aðsetur félagsins hefur verið heimili formanns hverju sinni en aldrei verið leigð aðstaða undir starfsseminna.

Það sem efst er á baugi hjá okkur nú er sameining stéttarfélaga framtíðarsýn okkar er stærra og sterkara félag, skrifstofa sem opin er alla virka daga og þar með aukin þjónusta.

Tímarnir breytast og mennirnir með, þann 11. júlí 1985 litu hinir fjórtíu stofnfélagar björtum augum á framtíð okkar litla félags sem var framför frá einstaklingsaðildinni sem verið hafði, nú lifum við á tímum sameininga og því skal hrinda úr vör stóru og styrku félagi sem verður u.þ.b. átta sinnum stærra en núverandi félag sem telur ríflega hundrað manns.

Námskeið á netinu

fyrir ríkisstarfsmenn á www.simennt.is

Þú slærð inn þína kennitölu og leyniorð og velur þér það námskeið sem þú hefur áhuga á. - Sjón er sögu ríkari -

Viðtal við Önnu Ólafsdóttur

fyrirverandi formann Starfsmannafélags Borgarbyggðar um sameiningu félaga í Kili

Segðu okkur fyrst af Starfsmannafélagi Borgarbyggðar. Hvenær var það stofnað og hvað voru stofnfélagar margir?

Félagið var stofnað 11. júlí 1985. Stofnfélagar voru 33 starfsmenn bæjarskrifstofu, áhaldahúss, leikskóla, íþróttamiðstöðvar, heilsugæslu og dvalarheimilis. Við sameiningu nú eru félagsmenn 112, stærsti hópurinn eru leikskólastarfsmenn. Fyrsti formaður var Ásdís Baldvinsdóttir, en hún gegndi formennsku til 1991, en þá tók ég við og var búin að ná 13 árum við sameininguna, sem mér fannst nú bara orðið ágætt. Starf félagsins var hefðbundið starf í litlu félagi. Fyrst samið á heimavelli, síðan við Launanevnd sveitarfélaga og ríkið, lengst af í samfloti með öðrum félögum. Starf í ferða- og skemmtinevnd félagsins var oft líflegast. Orlofsmálin voru unnin af stjórninni, en þau mál tóku oft mikinn tíma

Hvenær byrjaði sameiningartal félaga?

Upphaflega var samþykkt á aðalfundi 1999 að leita eftir sameiningu við félögin á Vesturlandi. Við rákum aldrei skrifstofu og fundum nauðsyn þess að stækka félagið til að veita betri þjónustu og nýta félagsgjöldin betur. Aðeins var haldinn einn viðræðufundur milli þessara félaga um málið, en umræður liðu hinsvegar út af. Hvort það var af framtaksleysi eða áhugaleysi er ekki gott um að segja. Næsti fundur var ekki haldinn fyrr en 2003, þegar við vorum af fullum krafti farin að ræða annað mýnstur þ.e. núverandi sameiningu.

Hvenær vaknaði svo áhugi á núverandi sameiningu?

Það gerðist nokkuð fljótlega að umræður hófust í samstarfi Kjarna félaganna sem sömdu saman 2001. Við höfðum marga umræðufundi um kosti og galla samruna félaga og við hrifumst af þessari hugmynd, sem reyndar var upphaflega um sameiningu allra 13 félaganna. Á umræðustigi drógu 4 félög sig út úr, en í skoðanakönnuninni í nóvember s.l. sem við töldum grundvöll að sameiningunni, þegar fór fram lýðræðisleg könnun á vilja félagsmanna, var samþykkt í 8 félögum.

Nú gætu einhverjir spurt hvort þið hafið verið að villast með því að sameinast félögum norður í landi, e.t.v. villst á Akureyri og Akranesi. Verður þetta ekki sundurslitið félag?

Við völdum sameiningu og þó önnur félög hafi að endingu valið að vera ekki með, þá álit ég að það sé allt eins þeirra



Anna Ólafsdóttir varaformaður KJALAR og veislustjóri skálar við hátíðargesti 15. maí 2004.

tap. Og við höfum reynt í Borgarbyggð af sameinuðu sveitarfélagi sem ekki náði landfræðilega saman, Borgarnes var eyja, og það truflaði á engan hátt starf sveitarfélagsins. Okkur er ekki vandara um að starfa með skrifstofu á Akureyri, en mörgum landsfélögum, sem flest hafa skrifstofu í Reykjavík og öllum þykir eðlilegt. Í dag byggja félög á nútíma samskiptatækni og síðan á trúnaðarmannakerfi. Starf svæðisdeildar kemur í stað fyrra starfs félagsins á heimavelli.

Hvað eru lítil félög eins og SFB betur sett með sameiningu að þínu mati?

Nánast að öllu leyti. Við erum nú hluti af 900 manna félagi. Við njótum hagkvæmni stærðarinnar í rekstri félagsins. En ég tel að bætt þjónusta við félagsmenn vegi þyngst. Allt upplýsingaflæði á að verða betra.

Verður þetta ekki ópersónulegt?

Jú fyrir þá sem töldu sig fá úrlausn sinna mála við borðhornið mitt. En ég minni á að stefnan er þjálfaður trúnaðarmaður á hverjum vinnustað og síðan hafa allir aðgang að skrifstofu Kjalar, í síma, gengum tölvuna, eða að sækja sér upplýsingar á heimasíðuna. Þetta er einfaldlega eitthvað sem við venjumst.

Hvað með orlofshúsin og möguleika á úthlutun?

Eina sem breytist verður það að fjölbreytnin eykst. Við hjá SFB höfum leigt hús yfir sumartímann í stað þess að eiga og ég geri ráð fyrir að Kjölur muni halda því áfram. En svo er líka spennandi að hafa aðgang að húsi um helgar allt árið og íbúð í Reykjavík eða Akureyri. Þetta á eftir að mótast, en stefnan er að hafa gott framboð orlofshúsa.

Hvað með árhátíðir og skemmtiferðir sem félögin hafa boðið upp á?

Hugmyndin er að svæðisdeildir geti skipulagt slíkt starf og ég hef þegar stungið upp á því að við athugum hvað verði í leikhúsunum á Akureyri næsta vetur og höldum svo aðalfund Kjalar í tengslum við skemmtiferð.

Hvernig sérð þú framtíðina fyrir þér?

Fyrir nýja félagið sé ég bjarta framtíð, en hún verður ekkert auðveld. Það er mikið starf framundan við að byggja upp innra starf félagsins og á sama tíma verður undirbúningur kjarasamninga, sem ég vona að félagsmenn verði virki þátttakendur í. Félag verður aldrei annað en það sem félagsmenn gera úr því.

Fyrir sjálfa mig sér ég léttu framtíð með frístundum og golfi, þegar ég hef lokið kjörtímabili mínu í starfsstjórn Kjalar og nýtt og áhugasamt fólk tekur við.

European Federation of Public Service Unions (EPSU)

- Heildarsamtök 189 stéttarfélaganna - 8 milljónir starfsmanna í almannajónustu

Fréttamaður KJÖLFESTU tók hús hjá Jens Andressyni formanni SFR stéttarfélagi í almannajónustu sem nýkominn er af þingi EPSU ásamt Ögmundi Jónassyni formanni BSRB.

Jens nú eruð þið Ögmundur nýkommir af 7. þingi EPSU, um hvað er verið að tala á þeim vettvangi?

„Á sjöunda þingi EPSU sem haldið var í Stokkhólmi komu saman fulltrúar frá 189 félögum og samböndum opinberra starfsmanna innan EBS og EES. Framkvæmdastjórn EBS er sá aðili sem fer fyrst og fremst með stefnumörkun í viðkomandi löndum, því er framkvæmdastjórnin og gerðir hennar aðalviðfang EPSU.“

Á hvað eru þau að leggja áherslur nú á breyttum tíma í Evrópu?

„Það sem EPSU leggur aðaláherslu á núna, og skiptir þá í sjálflu sér engu máli hvort menn þar eru Evrópusinnar eða ekki, er andstaða við þá markaðsvæðingu samfélagsins sem birtist í tilskipun EBS um innri markað sambandsins. Þetta helgast af grundvallarafstöðu EPSU sem hefur fundist sér einna skýrasta birtingarmynd í því sem EPSU kallar „The European Social Model“ sem mætti þýða sem velferðarkerfi Evrópu eða Evrópa velferðarinnar. Þar er lögd áhersla á jákvæð grundvallaráhrif almannajónustu, hvort sem er í efnahagslegum, menningarlegum eða félagslegum skilningi. Lögd er áhersla á að ekki megi meta allt út frá skammtímahagsmunum þeim sem gagnast markaðnum, markaðurinn leysi ekki vandamálin og ekki eigi að grandskoða alla löggjöf sem sett er út frá samkeppnisjónarmiðum.“

Þetta snýst um hvort manneskjan eigi að vera í fyrirrúmi, eða hvort umbreyta eigi öllu lífi í Evrópu í átt til harðsviraðs markaðs- og samkeppnisþjóðfélags þar sem hver er sjálfum sér næstur. Allt svo ná megi því setta markmiði, sem stórfyrirtæki og atvinnurekendur hafa hamrað á og beitt öllum meðulum til að ná í gegn, að Evrópa eigi að vera orðin „samkeppnishæfasta efnahagseining heimisins“ árið 2010. Þetta er álíka áþreifanlegt og raunhæft markmið og Ísland án eiturlyfja árið 2000. Hver á í fyrsta lagi að meta það og á hvaða kvarða? Það mun auðvitað aldrei verða að einhvers konar áþreifanlegum veruleika, heldur skiptir öllu máli hvað mun breytast á leiðinni að þessu ímyndaða markmiði. Ef þetta nær fram að ganga þá mun þetta þýða stórfelldustu lífsháttabreytingar sem við höfum

orðið vitni að. Því í raun er verið að reyna að setja í lög óskaástand atvinnulífsins, „sveigjanlegt“ vinnuafli, enga kjarasamninga, enga sjálfstæða löggjöf á heimavelli og að öll önnur markmið, hvort sem er í menningarmálum, umhverfismálum, heilbrigðismálum eða félagsmálum, eigi að lúta í gras fyrir samkeppnishagsmunum atvinnulífsins. Röksemdin er sú að fólkið verði að bíða, fyrst verði atvinnulífið að fá tækifæri og svo muni koma betri tíð með blóm í haga. Gallinn er bara sá, eins og við þekkjum af áratugalangri baráttusögu verkalýðshreyfingarinnar um allan heim, að sá blómvöndur mun aldrei verða færður almenningi. Við þurfum að sækja okkar réttindi og um það snerist þetta þing EPSU.“

Sýnist þér BSRB stéttarfélög eða félög almennt vera að vinna með sama hætti og systurfélagar okkar úti?

„Já. við eigum samleið í flestum grundvallaratriðum. Annars vegar verður að játa að bæði við hér heima í BSRB, sem og EPSU félögin standa í varnarbaráttu fyrir almannajónustuna. Að henni er látlaust sótt úr öllum áttum, okkar eigin ríkisstjórn



og í Evrópu af framkvæmdanefnd EBS eða á heimsvísu með GATS samningum og öðrum slíkum á vegum WTO. Það þýðir það að samvinna verkalýðsfélaga er sífellt af nauðsyn að verða alþjóðlegri og baráttan þarf að fara fram á alþjóðlegum vettvangi ekki síður en á heimaslóðum.“

Trúarbrögðin sem eru að verða ríkjandi eru þau að einkageirinn hljóti af einhverjum dularfullum ástæðum að leysa öll verkefni betur og hagkvæmar en hinu opinberri. Ég kalla þetta trúarbrögð af því að nánast allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvernig almannajónustu hefur reitt af eftir að hún varð einkavædd, hafa sýnt að einkageirinn skilar lélegri og dýrari þjónustu. Alfa og Omega einkafyrirtækja er



Jens Andresson formaður SFR stéttarfélaganna í almannajónustu.

gróðinn og hagnaður fyrir hluthafa. Ef reksturinn er óhagstæður hætta þau. Staðreyndin er sú að þjónusta er stærsti markaðurinn í dag og þar af er almannajónusta mjög stór hluti. Kosturinn við að komast inn á þann markað fyrir einkafyrirtæki, er að ríkið hleypur alltaf undir bagga og borgar út þann arð sem fyrirtækin áskilja sér. Eftir að þau hafa einu sinni náð samningum eru þau í kjörstöðu til að pressa fram betri samning, sem þau og gera eins og dæmin sanna. Einu sinni var þessu gefið nafnið „pilsfaldakapitalismi“ nú er þetta fært í þann búning að ríkið sé að spara og látið að því liggja að með því öðlist borgarnir betra líf með lægri sköttum. En hér er orðið um bráða baráttu að tepla sem snýst um það hvort við viljum mannfjandsamlegt þjóðfélag eða þjóðfélag sem vill leggja manninn og þau réttindi sem hann hefur, til grundvallar.

Að lokum Jens hvernig leggst haustið í þig?

„Haustið leggst ágætlega í mig. Hef fundið fyrir miklum samhlóm meðal félagsmanna SFR um þær áherslur sem félagið ætlar fram með í næsta kjarasamningviðræðum sínum. Hef það samt á tilfinningunni að viðræðurnar verði erfiðar og að við þurfum á öllu okkar afli að halda. Það sem skilar okkur áfram til bættra kjara er samstaða og aftur samstaða stéttarfélaganna. Að endingu óska ég Kili stéttarfélagi starfsmanna í almannajónustu til hamingju með tilurð sína og að félagið megi eflast í starfi sem eitt af burðarfélagunum innan BSRB.“

Öflugt starf næsta vetur

Fræðsluatrið Starfsmennt, sem er samstarfsvettvangur starfsmannafélaga ríkisstarfsmanna, hefur staðið fyrir fjölbreyttu og kraftmiklu starfi á sviði þjálfunar og námskeiða síðan það hóf reglulega starfsemi árið 2002. Fjöldi námskeiða hefur verið í boði, auk þess sem að setrið hefur staðið fyrir ráðstefnum og hvatningarverkefnum á sviði starfsþróunar og þjálfunar.

Næsta vetur verður starfið kröftugra en nokkru sinni fyrr og viljum við hvetja félagsmenn til að nýta þau góðu tækifæri sem nú bjóðast. Hér á eftir koma stuttar kynningar á verkefnum og viljum við vekja athygli á því að allar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum verða komnar inn á netið þann 11. júní (www.smennt.is).



Rekspölur I og II

Þessi vinsælu námskeið verða í boði í Reykjavík, á Austurlandi og á Vestfjörðum. Þessi námskeið flokkast undir að vera almenn starfsnámskeið og eru afar eftirsótt. Það er Fræðsluver GG sem heldur utan um námskeiðin fyrir hönd Starfsmenntar og hefur gert það frá upphafi.

Framrás 1, 2 og 3

Framrásarnámskeiðin verða í boði í Reykjavík, á Austurlandi og á Norðurlandi. Það er fjöldi samstarfsaðila sem koma að þessum námskeiðum og má þar nefna Endurmenntun HÍ, Fræðslunet Austurlands, Fræðslumiðstöð Þingeyinga og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Námskeið þessi hafa einkum verið ætluð skrifstofufólki í opinberu starfi, en hafa einnig verið mjög vinsæl meðal annarra starfsmannahópa.



Margrét Árnadóttir, starfsmaður KJALAR.

Félagliðanám

Nám þetta er í samstarfi við Borgarholts-skóla og er nám með vinnu (Brú). Þátttakendur útskrifast sem félagliðar frá framhaldsskóla. Mjög góður rómur er gerður að náminu en það tekur 4 annir í síðdegisnámi.

Nám fyrir hjúkrunar- og móttökuritari

Hér er um nýtt nám að ræða og fer það fram í Fjölbrotaskólanum við Ármúla og útskrifast nemendur sem hjúkrunar- og móttökuritari. Hér er um nám með vinnu að ræða (Brú) og tekur það 2 annir í síðdegisnámi.

Þjálfun fyrir umsjónarmenn fasteigna

Starfsmennt hefur hafið samstarf við Iðntæknistofnun um umsjón á námi fyrir umsjónarmenn. Það samstarf skilaði námskeiði nú á vorönn sem var mjög vel sótt en næsta haust verður framhald í boði. Ætlunin er að samstarfið við Iðntæknistofnun skili fullmótaðri námsbraut fyrir umsjónarmenn næsta haust.

Ráðgjafi að láni

Starfsmennt hefur verið með tilraunaverkefni í gangi sem kallað hefur verið „Ráðgjafi að láni“. Verkefnið gengur út á að aðstoða stofnanir við starfsþróunarmál og stefnumörkun í endur- og símenntun. Einkar vel hefur þótt takast til við verkefnið.

Starfsmannasamtöl

Fræðsluatrið hefur boðið þeim stofnunum sem þátt hafa tekið í „Ráðgjafa að láni“ að fá til sín námskeið og þjálfun í notkun starfsmannasamtala. Skemmst er frá því að segja að það verkefni hefur tekist vonum framar.

Lokun skrifstofu KJALAR vegna sumarleyfa

Skrifstofa KJALAR verður lokuð vegna sumarleyfa frá 5. júlí til 12. júlí.

Ef nauðsyn krefur er sími formanns, Örnú Jakobínu 897 7886

Trúnaðarmanna- kosning

GÓÐUR TRÚNAÐARMAÐUR ER MIKILVÆGUR

Frá 15. september til 6. október nk. mun kosning trúnaðarmanna standa yfir. Þeir eru kosnir til tveggja ára í senn og á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 eða fleiri félagsmenn. Einnig er vinnustöðum heimilt að sameinast um kjör trúnaðarmanns.

Félagsmenn KJALAR eru um níu hundruð og eru trúnaðarmenn á hinum ýmsu vinnustöðum. Núverandi trúnaðarmaður byrjar á því að skipa kjörstjórn sem leitar eftir tilnefningu félagsmanna um frambjóðendur. Síðan er kosið á milli frambjóðenda og hlýtur sá kosningu sem flest atkvæði fær og skal það tilkynnt skrifstofu félagsins. Ef einungis einn er í framboði er hann sjálfkjörinn. Stjórnin leggur mikla áherslu á að samstarfsfólk á vinnustaðnum kjósi sér trúnaðarmann. Stefnt er að trúnaðarmannanámskeiði í Munaðarnesi 17. - 20. október nk. Nánar kynnt síðar.

HVERT ER HLUTVERK TRÚNAÐARMANNS?

Trúnaðarmaður þarf að gæta þess m.a. að kjarasamningar séu haldnir og réttur starfsmanna virtur. Hann er til aðstoðar ef og þegar upp rís ágreiningur um samningsbundin kjör starfsmanna, hvort sem óskað er af starfsmanni eða vinnuveitanda. Trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélagins á vinnustöðunum. Þeir standa þó aldrei einir því stjórn og starfsmenn félagsins eru þeim til stuðnings við að leysa úr vanda sem upp kann að koma og heyrna undir starfssvið félagsins.

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ BÆTA VIÐ REYNSLU ÞÍNA OG HÆFNI?

ERT ÞÚ EFNI Í GÓÐAN TRÚNAÐARMANN?



Fyrsti stjórnarfundurinn

Stjórn KJALAR hélt sinn fyrsta stjórnarfund 13. og 14. júní sl. í húsaáskynnum KJALAR að Ráðhústorgi 3 á Akureyri.

Á sínum fyrsta fundi var verið að skipuleggja haustið, trúnaðarmannakosningu, sameiningu starfsmenntunarsjóða í september og orlofsjóða í október auk annarra mála. Jafnframt heimsótti stjórnin stjórnendur og félagsmenn á FSA, bæjarskrifstofunum, dvalarheimilinu Hlíð, framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar, Norðurorku hf. og Amtsbókasafninu var öllum vinnustöðum færður fáni með merki félagsins og einnig fengu allir sem á vegi stjórnar urðu penna.

Næsti stjórnarfundur verður á Siglufirði 13. september nk.

Kosning um löggiltan endurskoðanda og skoðunarmenn

Tilnefndur er Ragnar Jóhann Jónsson, löggiltur endurskoðandi Deloitte hf. Skoðunarmenn: Hannes Reynisson, Akureyri og Sigurbjörg Haraldsdóttir, Akureyri
Til vara: Kristín Siemsen Borgarbyggð og Ólafur Þór Ólafsson Siglufirði

Kosning í kjörstjórn

Hanna Rósa Sveinsdóttir Akureyri
Regína Reginsdóttir Akureyri
Bjarni Gunnarsson Dalvík
Til vara: Baldur Tómasson Borgarbyggð

Kosning í stjórn Vinnudeilusjóðs

Gjaldkeri sjálfkjörin
Hannes Reynisson Akureyri
Peter Jones Akureyri
Petra Ingvadóttir Dalvík

Styrktarsjóður BSRB

Vissir þú að þú átt rétt á að sækja um:

- Styrk vegna 3ja mánaða (að lágmarki) ástundunar í líkamsrækt kr: 10:000
- Styrk vegna laser aðgerðar á öðru auga kr: 25.000 eða 50.000 fyrir bæði augu.
- Styrk vegna kaupa á sjónglerjum einu sinni á 48 mánuðum, 50% af kostnaði sem fer yfir 30.000 kr.
- Styrk vegna skoðunar á Leitarstöð krabbameinsfélagsins eða kvensjúkúmalækni einu sinni á ári.
- Styrk vegna skoðunar hjá Hjartavernd einu sinni á ári.
- Styrk vegna ættleiðingar barns kr. 200.000, til glasaftrýgungar 100.000 kr. í eitt skipti og til tækniftrýgungar 21.000 kr.
- Styrk vegna sjúkrahjálfunar, sjúkrannudds, nálastungumeðferðar, hnykkklækninga, og meðferðar hjá sálfræðingi 800 kr. fyrir hvert skipti, allt að 25 skipti á ári.

Allt þetta og meira til á síðu www.styrktarsjodur.bsrb.is.

Ath. réttur til styrkja byggist á því að hafa verið sjóðfélagi síðustu 6 eða 12 mánuði.



Sigurður J. Sigurðsson deildarstjóri og Guðrún Harðardóttir starfsmannastjóri hjá Norðurorku hf á spjalli við stjórnarmenn KJALAR.



Þóra Ákadóttir starfsmannastjóri hjúkrunar FSA og Ólína Torfadóttir hjúkrunarforstjóri FSA ásamt stjórn KJALAR.



Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri ásamt stjórn KJALAR.



Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður og Ragnhildur Franzdóttir bókavörður og trúnaðarmaður taka við fána KJALAR í heimsókn stjórnarinnar á safni 14. maí sl.

Nýtt símanúmer: 525 8383 eftir 20. júlí